

# Að vera í Foldaskóla

## *Lífsgildi*

Berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu.

Í Foldaskóla virðum við hvert annað og leggjum áherslu á samvinnu. Við lærum jákvæð samskipti og skynjum þann mátt sem felst í góðri samvinnu. Kurteisi og gagnkvæm tillitssemi eiga að vera einkunnarorð í samskiptum allra sem starfa í skólanum; nemenda, kennara og annarra starfsmanna.

## *Skólareglur*

Í skólanum á að ríkja góður starfsandi og vinnufriður. Nemendum ber að virða sjálf-sagðar og eðlilegar umgengnisreglur jafnframt því að hlýða fyrir mælum starfsfólks skólans í öllu skólastarfi. Kennarar eru verkstjórar í kennslustofum og nemendum ber að lúta verkstjórn þeirra. Órói, hávaði og neikvæð samskipti eru ekki leyfð.

Vandamál sem koma upp vegna hegðunar nemenda eru leyst í samvinnu við foreldra. Ef ekki reynist unnt að leysa vandamál innan skólans er leitað annarra leiða í samvinnu við skólaþjónustu Miðgarðs og eftir atvikum Menntasvið Reykjavíkurborgar. Með alvarleg agabrot er farið samkvæmt reglugerð um agabrot og skólareglur sem Menntamálaráðuneytið hefur sett. Lögbrot eru kærð til lögreglu og tilkynnt barnavernd.

## *Umgengnis- og öryggisreglur og viðurlög*

### *Umgengnisreglur:*

1. Sýnum kurteisi.
2. Truflum ekki aðra.
3. Berum ábyrgð á eigum okkar og athöfnum.
4. Notkun farsíma, fjarSKIPTATækja, tölvuspila og allra tækja til tónlistarflutnings er óheimil í kennslustofum.
5. Neysla sælgætis og gosdrykkja er óheimil á skólatíma.
6. Allur útifatnaður, þ.m.t. höfuðföt, er óheimil í skólastofum.
7. Notkun fótabúnaðar með hjól, línuskauta, hjólabretta og hlaupahjóla er óheimil innandyra og á skólalóð á skólatíma.

### *Viðurlög:*

1. Brottvísun af vettvangi.
2. Starfsmaður skráir atburðarás.
3. Nemandi kemur með tillögu að því sem betur hefði mátt fara.
4. Nemandi bætir fyrir það sem hann hefur gert af sér og viðurkennir rétt annarra, sem og eigin yfirsjónir.
5. Sá sem sætir þessum viðurlögum kemst aftur inn í kennslustund þegar kennari er tilbúinn að taka við honum.
6. Brot við banni á notkun farsíma og búnaði varðar upptöku viðkomandi tækis og þurfa forráðamenn að sækja það í skólann.

### *Öryggisreglur:*

1. Nemendum 1.-7. bekkja er óheimilt að yfirgefa skólalóð á skólatíma nema með leyfi kennara.
2. Engar líkamlegar meiðingar.
3. Engin barefli, eggjárn, eldfæri, sprengiefni, skoteldar eða aðrir hlutir sem geta valdið skaða.
4. Ekkert andlegt ofbeldi, yfirgangur, ofsóknir, árásir eða einelti.
5. Engin fíkniefni, áfengi eða tóbak.

**Viðurlög:**

Brottvísun af vettvangi samstundis og síðan úr skóla í fylgd forráðamanns.

Á fundi með skólastjórnanda, námsráðgjafa, umsjónarkennara, viðkomandi kennara og forráðamanni þarf nemandinn sjálfur að lýsa vilja sínum til að koma aftur í skólann og gera bragarbót.

Nemandi gerir þar áætlun um úrbætur sem skólinn samþykkir – eða stjórnandi, umsjónarkennari og forráðamaður ná samstöðu um sett skilyrði.